

Wolfgang Pomorin
Laxalóni í Grafarholti
113 Reykjavík

Reykjavík 21. júní 2019
UST201901-272/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 17.05. 2019, hjá Wolfgang Pomorin.

Þann 17. maí sl. fór fram eftirlit í Wolfgang Pomorin, Laxalóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:


1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstur í stöðinni er án starfsleyfis.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal halda skráningar um losun efna út í umhverfið og afstöðumynd og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar. Bæta þarf skráningar á magni og meðhöndlun dauðfisks og vatnsnotkun. Ekki hefur verið fylgst með losun köfnunarefnis eða fosfórs, neyðaráætlun þarfnaðast uppfærslu og afstöðumynd af stöðinni er ekki til staðar.
3. 18. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili skal útbúa áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Skv. rekstraraðila er unnið að gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. júlí, 2019.

Virðingarfyllst



Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur



Halla Einarsson
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Wolfgang Pomorin	17.5.19	Laxalón Rvk	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
060462-2599	Ekki í gildi	Já	Seiðaeldisstöð

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		<p>Rekstraraðili elur regnbogasilungs-seiði í stöðinni. Umfang eldra starfsleyfis var 20 tonn og hefur rekstraraðili verið að framleiða um 17-20 tonn árlega.</p> <p>Umsókn v. nýs starfsleyfis hefur verið send inn til stofnunarinnar, en vegna ófullnægjandi gagna hefur hún ekki verið tekin til afgreiðslu. Rekstraraðili stefnir á að senda þau inn sem fyrst svo haegt sé að afgreiða umsóknina.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		<p>Rekstraraðili hefur framleitt 60-80 gr seiði til útsetningar í kvíum Sjávareldis/Hábrúnar.</p> <p>Hann er nú með í eldi í útitjörnum seinustu stóru seiðin til útsetningar og elur nú seiði sem eiga að fara 5-10 g að stærð til Matorku.</p> <p>Rekstraraðili hyggst hætta að nota settjarnir sem eldistjarnir og setja á niður nýtt kar sem verður notað ásamt eldri kerjum og aðstöðu innanhúss. Nokkur hundruð þúsund seiði verða alin til loka maí 2020 af þessari stærð, en óvist er um framhaldið.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		<p>Skráningar eru til staðar um framleiðslu, fóðurnotkun og meðhöndlun úrgangs.</p> <p>Bæta þarf skráningar á magni og meðhöndlun dauðfisks og vatnsnotkun.</p> <p>Ekki hefur verið fylgst með losun köfnunarefnis eða fosfórs, áætlanir þarfnað uppþærslu og afstöðumynd af stöðinni er ekki til staðar.</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		
Grænu bókhaldi og útsteymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Parfnast talsverðrar uppfærslu. Skv. rekstraraðila er unnið að gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðmengunar í gildi?	X			Gildu skírteini var framvísað.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Parfnast talsverðar uppfærslu.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmynund sé í lágmarki?	X			Fóðurmagn er reiknað út. Í húsi eru sjálfvirkir fóðrarar en úti í kerjum er handfóðrað.
Er skráning á losun fosfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Ekki hefur verið fylgst með losun fosfórs eða köfnunarefnis. Rekstraraðili hyggst þó reikna losunina út frá fóðurnotkun.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða?	X			Gott ástand. Góður frágangur á skurðum út í læk m.t.t slysasleppinga. Ekki er vart við uppsöfnun fastefna þar. Enginn

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?				fiskur sjáanlegur, lykt, olía eða froða.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþ.	X			Frárennsli frá seiðahúsi og útikerjum rennur í gegnum rás þar sem mest af seti verður eftir og sameinast svo yfirfalli í tjörn. Þaðan rennur vatnið í gegnum set/eldistjarnir að viðtaka. Net til varnar slysasleppinga eru á nokkrum stöðum á þessari leið.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Rennur í ferskvatnslæk, Grafarlæk, sem rennur nokkuð hundruð metra að Grafarvogi.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Úrgangur fer til Sorpu. Dauð seiði fara í moltu með almennum lífrænum heimilisúrgangi. Skipta á út fóðri í plastpokum fyrir poka úr maísl/hemp.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Sýni tekin seinast 13.5.19, COD og svifagnir, niðurstöðum skilað. Skv. þeim lækka bæði svifagnir og COD úr inntökuvatni í frárennsli.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			X	

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu er varðar að starfsleyfið er ekki gefið út af réttum aðila. Þrjú frávik komu fram er varða að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun er ekki til staðar, trygging vegna

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

bráðamengunar hafs- og stranda er ekki til staðar og rekstraraðili hefur ekki gert mælingar á losun efna út í umhverfið.	
Samantekt:	Gömul seiðaeldisstöð sem starfar án leyfis. Starfsleyfi gefið út árið 2016 var gefið út af heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og fellt úr gildi haustið 2017 í kjölfar seinasta eftirlits þar sem útgáfa leyfa hafði verið færð til UST á þessum tíma. Rekstraraðili hefur sótt um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Stöðin er gömul og þarfnað viðhalds, en eldi í eldistjörnum verður lagt af og þær einungis notaðar sem settjarnir framvegis. Bæta þarf skráningar og uppfæra áætlunar. Skv. rekstraraðila er unnið að öflun betri tækjakosts, betri skráningum og uppfærslu áætlana.
Annað:	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Wolfgang Pomorin Laxalóni



Dags eftirlits 17.5.2019

Ábyrgðarmaður eftirlits Hulda Soffía Jónasdóttir

Fyrirtæki Wolfgang Pomorin

Eftirlitsmaður

Heimili Laxalón, Grafarholti

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 0604622599

Flokkur Fiskeldi

Fulltrúi fyrirtækis Wolfgang Pomorin

ÍSAT nr. 0321

Fulltrúi fyrirtækis Guðmundur Sveinsson

Staðsetning

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlitið er varða starfssemi án starfsleyfis, skráningar og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Engar ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit með seiðastöð Wolfgang Pomorin, Laxalóni.

Ábending var gerð í kjölfar seinstu eftirlitsheimsóknar varðandi starfssemi án starfsleyfis. Starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, sem áður var í gildi, var gefið út með 20 tonna umfangi.

Umsókn v. nýs starfsleyfis hefur verið send inn til stofnunarinnar, en vegna ófullnægjandi gagna hefur hún ekki verið tekin til afgreiðslu. Rekstraraðili stefnir á að senda þau inn sem fyrst svo hægt sé að afgreiða umsóknina.

Stöðin er gömul og er stærsti fiskurinn alinn í náttúrulegum tjörnum, sem virka þó sem settjarnir þar sem frárennslí seiðahússins rennur þar í gegn. Rekstraraðili hefur gengið vel frá tjörnum m.t.t. slyssleppinga í lækinn sem er viðtaki frárennslisins.

Rekstraraðili hefur framleitt 60-80 gr seiði til útsetningar í kvíum Sjávareldis/Hábrúnar og hefur framleitt um 17-20 tonn árlega.

Hann er nú með í eldi í útitjörnum seinstu stóru seiðin til útsetningar og elur nú seiði sem eiga að fara 5-10 g að stærð til Matorku. Rekstraraðili hyggst hætta að nota settjarnir sem eldistjarnir og setja á niður nýtt kar sem verður notað ásamt eldri kerjum og aðstöðu innanhúss. Nokkur hundruð þúsund seiði verða alin til loka maí 2020 af þessari stærð, en óvist er um framhaldið.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

Til starfrækslu fiskeldiss töðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstur í stöðinni er án starfsleyfis.

Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Rekstraraðili skal halda skráningar um losun efna út í umhverfið og afstöðumynd og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar. Bæta þarf skráningar á magni og meðhöndlun dauðfisks og vatnsnotkun. Ekki hefur verið fylgst með losun köfnunarefnis eða fosfórs, neyðaráætlun þarfnað uppþærslu og afstöðumynd af stöðinni er ekki til staðar.

18. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal útbúa áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Skv. rekstraraðila er unnið að gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar.

ÁBENDINGAR

Engin ábending er gerð.

ANNAÐ


Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Skv. rekstraraðila er unnið að því að bæta skráningar vegna affalla og afstöðumynd er í vinnslu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.06.2019


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir